



Fundargerð 1. fundar stjórnar SSA haldinn 18. ágúst 2020

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Pálína Margeirsdóttir boðaði forföll og mætti Jón Björn Hákonarson í hennar stað.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1.1 Fundargerð frá 13. fundi stjórnar SSA 2019-2020

Fundargerðin var lögð fram til staðfestingar og verður undirrituð rafrænt.

1.2 Fundargerð 20. fundar framkvæmdaráðs

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (498,499), SSV (154), SSNV(57), Vestfjarðastofa (27), SSNE (11), SASS (559), SSS (757)

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.4 Fundargerðir sambandsins (885)

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

1.5 Kvennasmiðjan

Lagt var fram til kynningar boð á hluthafafund Kvennasmiðjunnar. Framkvæmdastjóra falið að veita fulltrúa umboð til að fara með atkvæði Atvinnuþróunarsjóðs á fundinum.

1.6 Stafrænt ráð – erindi sambandsins.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að ganga frá tilnefningu aðila í stafrænt ráð á grundvelli umræðna á fundinum.

1.7 Ályktun íbúafundar Borgarfjarðar eystri.

Lagt fram til kynningar.

2. Innra starf SSA

2.1 Fundaáætlun 2020-2021

Fundaáætlunin var lögð fram til kynningar.

2.2 Haustþing SSA

Umræður stjórnar um fyrirkomulag Haustþings SSA. Málið verður tekið upp á næsta stjórnarfundum í september og ákvörðun tekin hvort Haustþing skuli haldið með hefðbundnum hætti.

2.3 Sóknaráætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu fyrir úthlutun úr uppbyggingasjóði fyrir árið 2021. Stefnt er að úthlutun fyrir áramót með fyrirvara um fjármögnun á fjárlögum 2021. Framkvæmdaráði er falið að skipa úthlutnarnefnd á grundvelli umræðna á fundinum. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa tilnefningar í fagråd menningar- og fagråd atvinnuþróunar- og nýsköpunar fyrir næsta fund stjórnar í september.

2.4 Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sínum með Skipulagsstofnun þar sem farið var yfir erindi SSA um greiðsluþátttöku Skipulagssjóðs vegna Svæðisskipulags Austurlands. Framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir.

2.5 Fjallskilasamþykkt

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á Fjallskilasamþykkt. Öll sveitarfélögin hafa staðfest samþykktina og áfram er unnið að birtingu hennar.

3. Önnur mál

3.1 Landshlutasamtök – staða og hlutverk

Formanni og framkvæmdastjóra er falið að vinna drög að umsögn á grundvelli umræðna á fundi landshlutasamtakanna. Verður umsögnin lögð fyrir stjórn til samþykktar þegar hún liggur fyrir.

3.2 Ráðgjafaráð um náttúruminjaskrá

Formaður sagði frá því að óskað hefði verið eftir tilnefningu frá SSA í Ráðgjafaráð um náttúruminjaskrá. SSA sendi inn nafn Guðrúnar Áslaugar Jónsdóttur yfirverkefnastjóra hjá Austurbrú.

3.3 Önnur mál

Umræður stjórnar um stöðu skólamála á svæðinu.

Fundi slitið kl 16:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Jón Björn Hákonarson

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson